

4. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, fimmtudaginn 26. febrúar 2015 kl. 12:00

Mætt eru: Gunnólfur Lárusson formaður, Jósteynn Hermundsson, Steinunn Leósdóttir, Aðalbjörn Arnarsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar.

Dagskrá :

1. Umsókn um byggingarlóð.

Fyrir hönd BJ.Vinnuvéla sækir Þórir Jónsson um lóð fyrir einbýlishús að Miðholti 18, Þórshöfn. Með umsókninni fylgir teikning af grunnmynd og útlitsmynd af 114 m² húsi ásamt teikningu á loftmynd af staðsetningu lóðar. Samþykkt samhljóða.

2. Bréf frá Vegagerðinni dags 16 og 17. febrúar 2015.

Í bréfi dags. 17. febrúar óskar Vegagerðin eftir framkvæmdarleyfi til Langanesbyggðar skv.13.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og reglugerð nr.771/2012. Um er að ræða námuna Miðfjörður 1 við Miðfjarðará en þar á að vinna efni í klæðningu. Í bréfi dags. 16. feb. óskar Vegagerðin eftir því að náman Miðfjörður 1 (fastanúmer 20143) verði sett inn á aðalskipulag Langanesbyggðar. Meðfylgjandi er mynd sem sýnir staðsetningu á námu. Samkvæmt 20. gr. skipulagslaga er sveitarstjórn heimilt að innheimta gjald vegna skipulagsvinnu til Vegagerðarinnar.

Umhverfis – og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að vinna þetta áfram í samvinnu við landeigendur og skipulagsfulltrúa Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

3. Tvö bréf frá Vegagerðinni dags. 2. febrúar 2015

Í bréfunum óskar Vegagerðin eftir framkvæmdarleyfi og óskar eftir að námurnar verði settar á aðalskipulag Langanesbyggðar skv.13.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og reglugerð nr.771/2012. Um er að ræða þrjár námur, Sauðanesháls (fastanúmer 19934) Gunnólfsvíkurfjall (fastanúmer 20139) og Saurbæjarháls (fastanúmer 22714) en í þessum námum ráðgerir Vegagerðin að taka efni í malarslitlag á næstu árum. Meðfylgjandi er mynd sem sýnir staðsetningu á námunum.

Samkvæmt 20 gr. skipulagslaga er sveitarstjórn heimilt að innheimta gjald af Vegagerðinni vegna skipulagsvinnu.

Umhverfis – og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að vinna þetta áfram í samvinnu við landeigendur og skipulagsfulltrúa Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

4. Deiliskipulag forgangsröðun.

Nefndin leggur til að farið verður í að deiliskipuleggja á Þórshöfn og byrjað verði sunnan hafnarlækjar, merkt A á deiliskipulagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.

5. Landamerki fyrir Langesbyggð.

Nefndin leggur til að haldið verði áfram með þá vinnu sem hafin var með því að hnitsetja landamerki fyrir Þórshöfn og Bakkafjörð.

6. Önnur mál.

Nokkur umræða var um hesthúsaiverfi, staðsetningu og fl.

Fundargerðin upplesin og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12:55

Gunnólfur Lárusson ritaði fundargerð